





Gildandi skipulag



Breytt skipulag

Mkv.: 1:50.000

Breyting á aðalskipulagi - vatnsveitumannvirki við Brimnesá, 522-I

Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar samþykkti á fundi sínum 6. maí 2025 tillögu skipulagsráðs um afmörkun og merkingu sérhæfðs iðnaðarsvæðis fyrir núverandi inntaksmannvirki og lokahús vatnsveitu við Brimnesá. Afmörkuð verður lóð undir lokahús og gerður lóðarsamningur á grundvelli afstöðumyndar eða deiliskipulags. Mannvirkin eru þegar byggð og í notkun og hefur aðalskipulagsbreytingin því engar breytingar á umhverfi eða mannvirkjum í för með sér. Breytingin hefur engin áhrif á skráða minjastaði.

Breytingar á greinargerð

Engin breyting er gerð á almennum ákvæðum í greinargerð aðalskipulagsins. Nýjum landnotkunarreit 522-I er bætt í kafla **4.8 Iðnaðarsvæði**.

Breytt skipulag:

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
522-I	-	Inntaksmannvirki vatnsveitu við Brimnesá	Núverandi inntaksmannvirki og lokahús	Inntaksmannvirki og lokahús vatnsveitu. Lóð skv. lóðarsamningi.

Breytingar á skipulagsuppdrátti

Landnotkunarreit 522-I við Brimnesá ofan Dalvíkur er merktur á táknrænan hátt með punkti á sveitarfélagsuppdrátti aðalskipulagsins. Afmörkun lóðar og flatarmál er undir nákvæmni og skekkjumörkum aðalskipulagsuppdráttar.

Á breyttum uppdrátti er einnig sýnd nýleg óveruleg breyting á svæði 504-I.

Umhverfismatsskýrsla

a) Yfirlit

Sjá inngang.

b) Líkleg umhverfisáhrif

Fyrirhuguð framkvæmd hefur hvorki áhrif á vistkerfi, sem njóta sérstakrar verndar, né menningarminjar.

- Breytingin hefur engin áhrif á aðra landnotkun.
- Breytingin er umfangslítill, þ.e. hefur ekki áhrif á stórt svæði.
- Breytingin á við formsatriði og felur hvorki í sér breytingar né sérstakar framkvæmdaheimildir.

Liðir c) – f) sbr. 14. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlaða nr. 111/2021 eiga ekki við.

Í breytingunni felst engin breyting á landnotkun og hefur hún hvorki áhrif á einstaka aðila né stór svæði. Breytingin er því talin óveruleg miðað við viðmið í 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Aðalskipulagsbreyting þessi sem er óveruleg sbr. ákvæði 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar þann _____

bæjarstjóri

Afgreiðsla bæjarstjórnar var auglýst þann _____

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun í samræmi við 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þann _____

Gildistaka breytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda _____

AÐALSKIPULAG DALVÍKURBYGGÐAR 2008-2020 SVEITARFÉLAGSUPPDRATTUR



Framkvæmdasvið
Dalvíkurbyggðar

Mælikvarði A3: 1:50.000

BREYTING
Vatnsveitumannvirki
við Brimnesá, 522-I

19.5.2025



TEIKNA

TEIKNISTOFA ARKITEKTA

KAUPANGI VÍMYRARVEG
600 AKUREYRI
SÍMI 461 5508
NETFANG: arn@teikna.is